

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR? NORRÆNN ÞANKABANKI

NORÐURLÖNDIN SEM ALÞJÓÐLEGT SIGURSVÆÐI

Evrópa stendur frammi fyrir mikilli áskorun ef takast á að mæta kröfum og uppfylla skilyrðin sem sífellt hnattvæddari hagkerfi setja nútímasamfélögum. ESB hefur beint sjónum sérstaklega að þessu og sett fram markmið um að Evrópuþjóðir eigi að verða öflugasta þekkingarhagkerfi heims með sjálfbæra þróun að leiðarljósi árið 2010.

Í skýrslu Norrænu ráðherraefndarinnar „Norden som global vinnerregion“, sem gefin var út í samstarfi við útgáfufyrirtækið *Mánudagsmorgun* (Huset Mandag Morgen, 2005), kemur fram að Norðurlöndin eru þekkingarsvæði og þar eru möguleikar á að þróa og þroska mannaúðinn miklir en hann er grundvöllurinn að því að Norðurlöndin haldi forskoti í alþjóðlegri samkeppni.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að sameiginleg gildi, menning, saga landanna og síðast en ekki síst sameiginleg sýn á lýðræði og menntun, leiki mikilvægt hlutverk í öllum framförum. Ríkisstjórnir landanna eru hvattar til þess að móta sameiginlega stefnu um hvernig hægt sé að varðveita og þróa einstök tækifæri til þess að vera í fararbroddi í samkeppninni.



Skýrslan „Norden som Global vinnerregion“ er aðgengileg á vef Norrænu ráðherraefndarinnar á slóðinni: <http://www.norden.org/pub/velfaerd/naering/sk/ANP2005777.pdf>

NORRÆNN ÞANKABANKI SAFNAR ÞEKKINGU

Með það að markmiði að skipa Norðurlöndunum í fylkingarbrjóst fer fram vinna á vegum Norrænu ráðherraefndar-

innar við að safna upplýsingum um áskoranir sem blasa við atvinnulífi á Norðurlöndunum og semja sameiginlega stefnu um hvernig hægt verður að mæta þörfum framtíðarinnar um færni. Meðal verkefna ráðherraefndarinnar er Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL). Í þessu ársriti er heil grein með umfjöllun um NVL, hlutverk þess og önnur verkefni sem fulltrúi Íslands er í forsvari fyrir. Að frumkvæði Íslendinga hefur Norræna tengslanetið komið á laggirnar norrænum þankabanka til þess að skapa grundvöll að stefnumótun í fullorðinsfræðslu.

Í þankabankanum sitja fulltrúar frá hverju norrænu landanna sem starfa á ólíkum sviðum. Mikil þekking og fjölbreytt reynsla nýtist við umræður og rannsóknir á viðfangsefninu.

Kristín Ástgeirsdóttir stýrir þankabankanum. Hún er framkvæmdastjóri rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Kristín hefur mikla reynslu af rannsóknum á sviði kynjafræða, kvennahreyfinga, lýðræðis og stjórn mála. Hún á sæti í stjórnnum Þjóðleikhússins, Íbúðalánasjóðs, Kvennasögusafns og nýrri Miðstöð munnlegrar sögu.

Arne Carlsen er framkvæmdastjóri alþjóðamála við Kennaraháskólann í Danmörku. Hann hefur margra ára reynslu af norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu. Hann hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra kennsluviðs við sama skóla, borið ábyrgð á þróun starfstengds meistaranáms og verið rektor Nordens folkeliga akademi, þróunarseturs Norrænu ráðherraefndarinnar um símenntun. Arne situr enn fremur í ritstjórn *Journal of Lifelong Learning in Europe* og er ritstjórnarfulltrúi við *International Journal of Lifelong Education*. Þá er hann einnig formaður ASEM Education and Research Hub for Lifelong Learning Studies sem er samstarf á milli 18 asískra og evrópskra háskóla.

Harry Bjerkeng er framkvæmdastjóri Landssamtaka handverksfyrirtækja í Noregi og hefur víðtæka reynslu af málefnum varðandi færniþróun, nemaþjálfun, sí- og endurmenntun í atvinnulífinu, fjármál menntunar og samninga við fulltrúa atvinnulífsins. Hann hefur frá því árið 1994 tekið þátt í og leitt stjórn Leonardó da Vinci-áætlanarinnar og stýrt fjölmörgum evrópskum færni verkefnum.



Ingegerd Green starfar sem ráðgjafi í eigin fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum í ráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki um hvernig hægt er að bæta samkeppnishæfni með þekkingu og færni. Hún situr í stjórnum margra fyrirtækja, stórra og lítilla og í ólíkum greinum, enn fremur í stofnunum sem tengjast vexti og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Leena Jokinen er kennslustjóri við Framtíðarstofnun Finnlands við Viðskiptaháskólann í Turku. Hún hefur langa reynslu af störfum við framtíðarrannsóknir og uppbyggingu framtíðarlíkana. Hún vinnur m.a. framtíðarmiðaða áætlanagerð og stefnumótun og veitir ráðgjöf og liðveislu hópum og einstaklingum innan mismunandi stofnana. Mat á raunfærni er þema sem hún hefur fengist við í mörg ár.

Sigrún Kristín Magnúsdóttir er fulltrúi Íslands í NVL og vinnur við ýmis málefni sem tengjast færniþróun við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á Íslandi. Hún hefur á annan áratug starfað við fræðslu fullorðinna, unnið við kennslu og stjórnun fyrir aðila vinnumarkaðarins, í framhaldsskólum og á háskólastiginu. Hún er tengilliður NVL í þankabankann.



Frá fundi í þankabankanum í Kaupmannahöfn í maí 2006. Fulltrúarnir frá vinstri: Leena Jokinen, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Ingegerd Green, Kristín Ástgeirsdóttir og fyrir framan þær Harry Bjerkeng og Arne Carlsen

STARFIÐ 2006-2007

Starfið í þankabankanum snýst um nokkrar mikilvægar spurningar. Hvernig munu norræn samfélög og atvinnulífið á Norðurlöndunum þróast? Hvaða færni verða einstaklingar og fyrirtæki að búa yfir til þess að geta tekið þátt í samfélagi framtíðarinnar? Hvaða kerfi og hvernig skipulag þarf til að þróa þá færni? Hvernig getur sameiginleg menning Norðurlandanna verið grundvöllur að sigurstranglegrri áætlun hvað varðar færniþróun og þroska?

Með því að vinna úr þeirri þekkingu sem til er í forni skýrslu, rannsókna, og stefnumótunarplagga og með því að funda með fjölda einstaklinga frá löndunum reynir þankabankinn að dýpka þekkingargrundvöllinn fyrir áframhaldandi umræður um spurningarnar.

NÁMSSTEFNA Á SELFOSSI

Mikilvægur hluti af vinnu þankabankans fór fram á námsstefnu sem haldin var á Íslandi dagana 24. og 25. ágúst. Þar lögðu tæplega 50 einstaklingar hvaðanæva af Norðurlöndum saman krafta sína á skapandi hátt og miðluðu af reynslu sinni og hugmyndum. Námsstefnan hófst 24. ágúst með nokkrum fyrirlestrum til örvunar og hvatningar, síðan hélt starfið áfram með þremur umferðum af hópavinnu. Að því starfi loknu var haldið með erlendu gestina í skoðunarferð á Gullfoss, Geysi og Þingvelli.



Skýrsla frá námsstefnunni.



Af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins bauð Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir gesti velkomna og setti námsstefnuna. Fyrirlesarar voru Jón Torfi Jónasson, Háskóla Íslands, Per Frankelius, hagfræðiprófessor við háskólann í Örebro í Svíþjóð, Tiina Hanhike, verkefnastjóri í finnska vinnuáráðuneytinu, þá Villy Hovard Pedersen, kennslustjóri við danska menntamálaráðuneytið, Bengt Johannisson, prófessor við háskólann í Växjö í Svíþjóð og að lokum talaði Robert René Hansen fra LO í Noregi.

Fyrsta umferð hópunnar var þankahrið um þrjú meginatriði undir stjórn Hróbjarts Árnasonar, lektors við Kennaraháskóla Íslands:

1. Hvað mun einkenna samfélögin á Norðurlöndunum í framtíðinni?
2. Hvaða færni verður fólk að búa yfir til þess að dafna í þeim samfélögum?
3. Hvaða verkefni blasa við fullorðinsfræðslunni til þess að styðja fólk við að tileinka sér nauðsynlega færni?

Í þessari fyrstu umferð var þankahrið um örfá orð eða hugtök sem vörðuðu spurningarnar þrjár. Þau voru síðan flokkuð undir nokkrar fyrirsagnir. Þessi þankahrið reyndist afar áhrifarík og sýndi fram á alla þá visku og þekkingu, sem þátttakendur í hópnum fjórum bjuggu yfir, og mörg lykilorð spruttu fram sem skópu grunn að næstu umferð.



Íhugulir námstefnugestir

Eftir flokkun lykilorða fengu þátttakendur að velja sér hópa í umræðunni og fjalla um þemur út frá spurningunni: Hvernig setjum við orð á færniþættina svo að hægt sé að nota þá til þess að hanna og skipuleggja fræðslu sem snérist um:

1. Persónulega færni
2. Félagslega færni og
3. „Glokal“-færni¹.

Árangurinn af þeirri umferð birtist í þremur nýjum fyrir-sögnum: Umboð (**Empowerment**), kerfi, (**Systemer**) og samstarf milli mismunandi geira (**Samarbejde mellem forskellige aktører**). Þessi þrjú þemu voru rædd í þriðju umferðinni með eftirfarandi spurningar að leiðarljósi: Héðan frá að markmiðinu – hvar munum við standa árið 2015? Til hvaða ráða verðum við að grípa? Hver á að gera hvað? Hver ber ábyrgðina?

Hér á eftir fer stutt yfirlit sem byggist á samantekt þanka-bankans af samtals þrjátíu og einu skilaboði frá þátt-takendum á námsstefnunni.

Hvað mun einkenna samfélög og atvinnulíf framtíðarinnar á Norðurlöndunum?

Myndin einkennist af því að bæði samfélögin og atvinnu-lífið muni krefjast mikils hreyfanleika, hraðrar endurskipu-lagningar og háværra krafna til einstaklinga um að þeir þróa hæfileika til þess að taka virkan þátt bæði sem starfs-menn og samfélagsborgarar.

Hvert er samhengið á milli færni og virðisaukandi aðgerða?

Á námsstefnunni var staðfest á ýmsan hátt að mikil færni leggur grundvöll að því að skapa virðisauka bæði í við-skiptalífi og þjóðfélaginu. Það kom greinilega fram í starfi hópanna á hvaða hátt ólík færni á sinn þátt í að móta gildi af ýmsu tagi. Það snýst ekki aðeins um að efla eða auka hagnöxt.

Hvaða færni þurfa einstaklingar og samtök að tileinka sér til þess að dafna og auka samkeppnishæfni í slíku samfélagi?

¹ Glokal er tiltölulega nýtt hugtak samsett úr Global og Lokal, tengir saman hnattræna þróun og svæðisbundna.



Greinilegastar voru þarfirnar um færni til þess að takast á sjálfstæðan hátt á við aðstæður og skilyrði hverju sinni. Til þess að þróa slíkt sjálfstæði verða einstaklingarnir að búa yfir góðri sjálfsþekkingu og öfluglu sjálfstrausti. Aðrir mikilvægir færniþættir, sem komu fram, voru að geta tekið frumkvæði bæði í einkalífi og atvinnulífi.

Hvaða kerfi þarf til þess að þróa þessa færni?

Skipulag fullorðinsfræðslu framtíðarinnar verður að byggjast á þverfaglegri hugsun og hreyfanleika. Einfaldar og sveigjanlegar aðferðir sem tryggja einstaklingunum tækifæri til þess að fara á milli mismunandi kerfa verður að þróa. Nýtt skipulag verður að leggja þá þekkingu sem er fyrir hendi til grundvallar – sjálfbær þekkingarfyrirtæki hafa ekki efni á að tapa neinni hæfni.

Á hvaða hátt leggur norræn menning grunn að áætlun til sigurs um hvernig á að gæta að hæfni og þróun hennar?

Á námsstefnunni kom fram sterkt og samdóma álit um að norræn sjálfsemd treysti greinilega undirstöður til þess að takast á við samkeppni. Brýnast er að Norðurlöndin setji fram sameiginlega stefnu og taki ákvörðun um að fylgja henni.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFNUM

Á vef NVL, www.nordvux.net, er hægt að nálgast skýrslu með niðurstöðum námsstefnunnar. Þangað er einnig hægt að sækja blaðið með myndum og lýsingum á framvindu hennar og starfi þankabankans.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur í þankabankanum hittist nokkrum sinnum enn til þess að vinna úr því sem kom fram á ráðstefnunni og til þess að viðað sé þekkingu og reynslu frá aðilum atvinnulífsins. Á dagskrá er einn fundur í Gautaborg í desember 2006, annar í Turku í mars og sá þriðji í Osló í maí árið 2007.

Á vordögum 2007 hefst vinna við að semja skýrslu sem leggja á fram fyrri part sumars. Þankabankinn hefur einnig skipulagt mismunandi viðburði í löndunum öllum til þess

að koma efni hennar á framfæri. Fyrstu fundirnir hafa þegar verið haldnir hjá stjórn samtaka danskra fullorðinsfræðsluáðila. Enn fremur munu fulltrúar þankabankans kynna starfið á sameiginlegum stjórnnum fullorðinsfræðslusamtaka í Eystrasaltslöndunum og Norðurlanda sem fram fer í Tallin í janúar 2007. Einnig munu fulltrúar kynna starf þankabankans á sænskri ráðstefnu um fullorðinsfræðslu í þróun í Linköping. (Vuxenutbildning i utveckling 2007 20. —21. mars Linköpings Konsert & Kongress.) Að lokum mun þankabankinn standa að norrænni og evrópskri ráðstefnu til kynningar á starfi sínu árið 2008.

REYNSLA OG ÞEKking

Starf þankabankans byggist á að safna saman og vinna úr þekkingu og reynslu sem til er orðin. Þess vegna bjóðum við alla sem áhuga hafa á starfinu velkomna og fögnum hvers konar hugmyndum, hugsunum og tillögum sem til okkar berast.